



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## LESTUR OG RITUN

### ÍSLE1LR05

Kennsluáætlun – vorönn 2019

#### Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Jón Özur Snorrason (JÖS)

#### Áfangalýsing:

Lestur og ritun er grunnáfangi í íslensku á 1. þrepi. Áfanginn er lokaprófslaus en símat er alla önnina í formi verkefna og prófa. Áhersla er lögð á sjálfstæð, vönduð og skipuleg vinnubrögð sem nýtast munu í öllu almennu námi. Í áfanganum þjálfast nemendur í lestri, málskilningi og vinnubrögðum. Þeir þjálfast í að beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og mynda sér skoðanir sem þeir tjá bæði í ræðu og riti. Nemendur læra að vinna ritanir frá hugmynd til texta, á góðu máli og vel upp byggðar.

#### Markmið áfangans:

##### Þekking

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tali og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

##### Leikni

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tali og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

##### Hæfni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

#### Kennslubækur og kennslugögn

- Fartölva til að vinna á í tímum
- Jón Gnarr: Indjáninn
- Leshefti, verkefni, sögur og ljóð. Lestur og ritun, haustönn 2019

#### Vægi námsþátta í vetrareinkunn

5%	Efnisgreinaritun	10%	Bókmenntafræði
45%	Indjáninn	10%	Smásöguritun
	○ 20% Vinnueinkunn, fjórar möppur	10%	Bragfræði og ljóð
	○ 10% Fjögur próf	10%	Tjáning
	○ 15% Tímaritgerð	10%	Virkni og þátttaka í tímum

## Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er próflaus og þarf nemandi að skila **öllum** verkefnum áfangans.
- Ætlast er til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir tímana með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi; verkefnum, undirbúningi og upprifjun. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimanámið sem þeim tíma nemur. Geti nemandur ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem tilkynna veikindi á skrifstofu eða hafa leyfi frá skólanum fá að taka sjúkrapróf.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

### Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

DAGSETNING	HVAÐ Á AÐ GERA?
7. – 11. jan	<b>Kynning</b> á áfanga: Indjáninn, annað námsefni, hugleiðingar, ýmis verkefni og vinnubrögð áfangans. Ritun efnisgreina.
14. – 18. jan	Hugleiðingar, ritun efnisgreina. Lestur Indjánans hefst – lesa hluta 1.
21. – 25. Jan	<b>Indjáninn, hluti 1.</b> Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
28. jan – 1. feb	Indjáninn, hluti 1. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. <b>Próf úr hluta 1. Möppu 1 skilað í lok vikunnar.</b>
4. – 6. Feb	<b>Indjáninn, hluti 2.</b> Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
11. – 15. feb	Indjáninn, hluti 2. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. <b>Próf úr hluta 2. Möppu 2 skilað í lok vikunnar.</b>
18. – 22. feb <b>KÁTIR DAGAR OG FLÓAFÁR</b>	<b>Indjáninn, hluti 3.</b> Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
25. feb – 1. mars <b>MIÐANARMAT</b>	Indjáninn, hluti 3. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. <b>Próf úr hluta 3. Möppu 3 skilað í lok vikunnar.</b>
4. – 8. mars <b>ÁFANGAMESSA</b>	<b>Indjáninn, hluti 4.</b> Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
11. – 15. mars <b>VALDAGUR</b>	Indjáninn, hluti 4. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. <b>Próf úr hluta 4. Möppu 4 skilað í lok vikunnar.</b>
18. – 22. mars	<b>Indjáninn, hluti 5.</b> Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
25. – 29. mars	Indjáninn, hluti 5. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. <b>Próf úr hluta 5. Möppu 5 skilað í lok vikunnar.</b>
1. – 5. apríl	<b>Ritgerð úr sögunni Indjáninn. Tjáning.</b>
8. – 12. apríl	<b>Bragfræði og ljóð. Tjáning.</b>
14. – 19. apríl <b>PÁSKAFRÍ</b>	
21. – 26. apríl <b>SUMARDAGURINN FYRSTI</b>	<b>Bókmenntafræði;</b> Gatan í rigningu. <b>Smásöguritun.</b>
29. apríl – 3. maí <b>VERKALÝÐSDAGURINN</b>	<b>Smásögu skilað. Tjáning.</b>
6. – 10. maí	<b>Uppsóp.</b>
13. – 17. maí	<b>NÁMSMAT (Útskrift 25. maí)</b>

Gert með fyrirvara um breytingar,  
F.Su., 4. janúar 2019

Íslenskukennarar